

2010:16 • 8. desember 2010

Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2010


Quarterly government accounts, 3rd quarter 2010

Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 26 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2010 eða sem nemur 6,6% áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins og 15,8% af tekjum þess. Á sama tíma 2009 var tekjuafkoman neikvæð um tæplega 38 milljarða króna eða 9,8% af landsframleiðslu. Fyrstu níu mánuði 2010 reyndist tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 76 milljarða króna eða 6,7% af landsframleiðslu þessa tímabils, en til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um ríflega 106 milljarða króna á sama tíma 2009 eða 9,6% af landsframleiðslu.

Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungsins¹

Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP¹



¹ 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Íslands á 4. ársfjórðungi 2008 er ekki meðtalin í heildargjöldum. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure.

Tekjur hins opinbera námu rúmlega 484 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við um 452 milljarða króna árið áður og er hækkunin milli ára um 33 milljarðar króna eða 7,2%. Sem hlutfall af landsframleiðslu tímabilsins námu tekjurnar 42,4%. Mest er hækkunin í sköttum á vöru og þjónustu og tryggingagjöldum sem skiluðu rúmlega 34 milljörðum króna meiri tekjum á tímabilinu en 2009. Aðrar tekjur — aðallega vaxtatekjur og sala á vöru og þjónustu — lækkuðu hins vegar um ríflega 9 milljarða króna.

Útgjöld hins opinbera reyndust ríflega 561 milljarður króna á sama tíma eða sem svarar til 49,2% af landsframleiðslu tímabilsins og hækkuðu um 0,7% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru um 169 milljarðar króna á tímabilinu, kaup á vöru og þjónustu 136 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur




til heimila 87 milljarðar króna. Þá er talið að vaxtagjöld hins opinbera verði 84 milljarðar króna fyrstu 9 mánuði ársins (og hækki um 29%) og opinber fjárfesting 29 milljarðar króna (og lækki um 31%). Aðrir útgjaldaliðir hafa staðið í stað eða lækkað í krónum talið.

Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 568 milljarða króna í lok 3. ársfjórðungs 2010 samanborið við um 441 milljarða króna neikvæða eign á sama ársfjórðungi 2009. Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.676 milljörðum króna í lok þessa ársfjórðungs eða sem nam 108,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar nam skuld ríkissjóðs 1.419 milljörðum króna á 3. ársfjórðungi 2009 eða sem svarar 94,5% af landsframleiðslu (sjá mynd 2 og töflu 9).

Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera námu um 165 milljörðum króna á 3. ársfjórðungi og um 484 milljörðum á fyrstu níu mánuðum ársins

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar um 165 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2010 samanborið við ríflega 155 milljarða króna á sama tíma 2009 og er hækkunin rúmlega 6%. Fyrstu 9 mánuði ársins námu tekjur hins opinbera rúmlega 484 milljörðum króna samanborið við um 452 milljarða króna árið áður og er hækkunin milli ára um 33 milljarðar króna eða 7,2%. Sem hlutfall af landsframleiðslu tímabilsins námu tekjurnar 42,4%. Mest er hækkunin í sköttum á vöru og þjónustu og tryggingagjöldum sem skiluðu rúmlega 34 milljörðum króna meiri tekjum á tímabilinu en 2009. Aðrar tekjur — aðallega vaxtatekjur og sala á vöru og þjónustu — lækkuðu hins vegar um ríflega 9 milljarða króna eins og sjá má í töflu 5.

... útgjöldin urðu hins vegar 191 milljarður króna á 3. ársfjórðungi og ríflega 561 milljarður króna á fyrstu níu mánuðum ársins

Á þriðja ársfjórðungi 2010 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði 191 milljarður króna, samanborið við 193 milljarða króna árið 2009 og er lækkingin 1% milli ára. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2010 námu útgjöld hins opinbera ríflega 561 milljarði króna eða sem svarar til 49,2% af landsframleiðslu tímabilsins og hækkuðu um 0,7% frá sama tíma 2009. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru um 169 milljarðar króna á tímabilinu, kaup á vöru og þjónustu 136 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 87 milljarðar króna. Þá er áætlað að vaxtagjöld hins opinbera verði 84 milljarðar króna fyrstu 9 mánuði ársins

(hækki um 29%) og opinber fjárfesting 29 milljarðar króna (lækki um 31%). Aðrir útgjaldaliðir hafa staðið í stað eða lækkað í krónum talið.

Tekjuhalli hins opinbera var 26 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2010 og 76 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 26 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2010 eða sem nemur 6,6% áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins og 15,8% af tekjum hins opinbera. Þetta má bera saman við um 37,8 milljarða króna neikvæða afkomu á sama tíma 2009. Fyrstu níu mánuði 2010 varð tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 76 milljarða króna eða sem svarar 6,7% af landsframleiðslu þessa tímabils. Á sama tíma 2009 var tekjuafkoman hins vegar neikvæð um ríflega 106 milljarða króna, eða 9,6% af landsframleiðslu tímabilsins (sjá töflu 1).

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2009 og 2010

Table 1. General government finances in 3rd quarter 2009 and 2010

Fjárhæðir í milljörðum króna	2009	2010	Breyting	2009	2010	Breyting
<i>Figures in billion ISK</i>	3. ársfj.	3. ársfj.	%	1.–3. ársfj.	1.–3. ársfj.	%
	<i>3rd quart.</i>	<i>3rd quart.</i>	<i>Change %</i>	<i>1–3 quart.</i>	<i>1–3 quart.</i>	<i>Change %</i>
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	155,2	164,7	6,1	451,5	484,2	7,2
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	193,0	191,2	-1,0	557,4	561,3	0,7
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	18,4	12,4	-32,3	41,8	29,0	-30,8
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)						
<i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-37,8	-26,1	•	-106,4	-76,0	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
<i>Fin. bal. % of revenue</i>	-24,3	-15,8	•	-23,6	-15,7	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ¹						
<i>Financial bal. % of GDP¹</i>	-9,8	-6,6	•	-9,6	-6,7	•

¹ Tekjujöfnuður % af VLF viðkomandi tímabils. *Financial balance % of GDP in corresponding period.*

Ríkissjóður

Tekjuhalli ríkissjóðs var 19 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi, eða 4,8% af landsframleiðslu ársfjórðungsins

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs hafi verið 123,3 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2010 og heildarútgjöld 142,4 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 19 milljarða króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 4,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um 8,5% frá sama tíma 2009 en útgjöldin aftur á móti lækkað um 2,5%. Á tekjuhlíðinni hækkuðu skatttekjur og tryggingagjöld um 13,6 milljarða króna milli 3. ársfjórðungs 2009 og 2010, en aðrar tekjur lækkuðu hins vegar um 4 milljarða króna. Á gjaldahlið hækkuðu vaxtagreiðslur um 3,5 milljarða króna, en önnur rekstrarútgjöld voru nánast óbreytt milli tímabilanna í krónum talið. Fjárfestingin dróst hins vegar saman um nálægt 4,6 milljarða króna.

Tekjur ríkissjóðs námu 360 milljörðum króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2010 samanborið við um 326 milljarða króna á sama tíma 2009 og er hækkunin 10,4% milli ára. Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði um 313 milljörðum króna, eða um 87% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu rúmlega 144 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað um 102 milljörðum króna og tryggingagjöldin 49 milljörðum króna eða samtals 295 milljörðum króna.

Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2010 námu útgjöld ríkissjóðs um 420 milljörðum króna samanborið við ríflega 412 milljarða króna á sama tíma 2009. Fjárfrahlög til almannatrygginga og sveitarfélaga eru umfangsmesti útgjaldaliður ríkissjóðs en þau námu rúmlega 111 milljörðum króna á þessu tímabili. Launaútgjöld hans námu

um 89 milljörðum króna, vaxtagjöld um 77 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 71 milljarði króna. Veruleg aukning hefur orðið í vaxtagjöldum en aðrir útgjaldaliðir eru nánast óbreyttir milli ára í krónum talið.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 3. ársfjórðungi 2009 og 2010

Table 2. Central government finances in 3rd quarter 2009 and 2010

Fjárhæðir í milljörðum króna	2009	2010	Breyting	2009	2010	Breyting
Figures in billion ISK	3. ársfj.	3. ársfj.	%	1.–3. ársfj.	1.–3. ársfj.	%
	3rd quart.	3rd quart.	Change %	1–3 quart.	1–3 quart.	Change %
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	113,7	123,3	8,5	325,9	359,7	10,4
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	146,1	142,4	-2,5	412,4	419,6	1,7
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	12,6	8,0	-36,3	24,4	17,8	-27,1
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)						
<i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-32,3	-19,0	•	-86,4	-59,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
<i>Fin. bal. % of revenue</i>	-28,4	-15,4	•	-26,5	-16,6	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ¹						
<i>Financial bal. % of GDP¹</i>	-8,4	-4,8	•	-7,8	-5,2	•

¹ Tekjujöfnuður % af VLF viðkomandi tímabils. *Financial balance % of GDP in corresponding period.*

Tekjuafkoma ríkissjóðs var neikvæð um 60 milljarða króna á fyrstu 9 mánuðum ársins eða sem nemur 5,2% af landsframleiðslu tímabilsins. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um ríflega 86 milljarða króna á sama tíma 2009 eða 7,8% af landsframleiðslu.

Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 3,3 milljarða króna á 3. ársfjórðungi og um 9,2 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins

Heildartekjur sveitarfélaganna á 3. ársfjórðungi 2010 eru áætlaðar 48,2 milljarðar króna og heildarútgjöld 51,5 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 3,3 milljarðar króna, eða sem nemur 0,8% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Þetta er svipuð niðurstaða og á sama tíma 2009 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 0,7% af landsframleiðslu. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 1,4% frá sama tíma í fyrra og útgjöld þeirra um 2,3%. Fjárfesting sveitarfélaganna hefur þó dregist saman um 24% milli þessara tímabila. Önnur útgjöld sveitarfélaga hækka hins vegar eða um 5,7%.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 3. ársfjórðungi 2009 og 2010

Table 3. Local government finances in 3rd quarter 2009 and 2010

Fjárhæðir í milljörðum króna	2009	2010	Breyting	2009	2010	Breyting
Figures in billion ISK	3. ársfj.	3. ársfj.	%	1.–3. ársfj.	1.–3. ársfj.	%
	3rd quart.	3rd quart.	Change %	1–3 quart.	1–3 quart.	Change %
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	47,5	48,2	1,4	141,9	143,8	1,4
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	50,3	51,5	2,3	153,7	153,1	-0,4
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	5,7	4,4	-23,8	17,4	11,1	-36,1
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)						
<i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-2,8	-3,3	•	-11,8	-9,2	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
<i>Fin. bal. % of revenue</i>	-5,8	-6,8	•	-8,3	-6,4	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ¹						
<i>Financial bal. % of GDP¹</i>	-0,7	-0,8	•	-1,1	-0,8	•

¹ Tekjujöfnuður % af VLF viðkomandi tímabils. *Financial balance % of GDP in corresponding period.*

Tekjur sveitarfélaga fyrstu 9 mánuði ársins námu um 144 milljarða króna samanborið við um 142 milljarða króna 2009 og er hækkunin 1,4% milli ára. Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 81 milljarði króna á þessu tímabili eða rúmlega 56% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu 23 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði rúmlega 15 milljörðum og aðrar tekjur 25 milljörðum króna.

Heildarútgjöld sveitarfélaganna námu 153 milljörðum króna á fyrstu 9 mánuðum ársins og lækkuðu því um 0,4% frá sama tíma 2009. Launagreiðslur eru stærsti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða ríflega 44% útgjaldanna, en um 68 milljarðar króna voru greiddar í laun á umræddu tímabili og hækkuðu þau um 2,2% milli ára. Kaup á vöru og þjónustu námu um 46 milljarða króna og hækkuðu lítillega milli ára. Fjárfesting sveitarfélaganna dróst hins vegar verulega saman milli þessara tímabila en hún er áætluð rúmlega 11 milljarðar króna fyrstu 9 mánuði ársins samanborið við 17,4 milljarða króna 2009.

Tekjuafkoman var nokkuð hagstæðari á fyrstu níu mánuði ársins en árið á undan, en tekjuhallinn nam 9,2 milljörðum króna, eða 0,8% af landsframleiðslu.

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem nær til um tveggja þriðju hluta íbúafjöldans, og er það uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn, eða sem nemur þeim mun.

English summary

In the 3rd quarter of 2010, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 26 billion ISK in deficit or 6.6% of the GDP in that quarter and 15.8% of general government total revenue. This can be compared with 38 billion ISK in deficit in the 3rd quarter of 2009 or 9.8% of GDP. In the first nine months of 2010, the financial balance of the general government was 76 billion ISK in deficit or 6.7% of GDP, which can be compared with a deficit of 9.6% of GDP for the same period in 2009 (see Figure 1)

The general government total revenue was 484 billion ISK in the first nine months of 2010 compared with 452 billion ISK in same period in 2009. The increase is 33 billion ISK or 7.2%. The total revenue amounted to 42.4% of the GDP in that period. The increase is mostly in tax revenue and social contributions, which gave 34 billion ISK more revenue than in the first nine months of 2009. Other revenue – mostly interest revenue and sale of services – decreased on the other hand by 9 billion ISK in this period in 2010 compared with 2009.

The general government total expenditure amounted to 561 billion ISK in the first nine months of 2010 or to 49.2% of GDP in that period and has increased by 0.7% from same period in 2009. The general government largest expenditure categories are compensation of employees (169 billion ISK), purchase of goods and services (136 billion ISK), social benefits (87 billion ISK) and interest expenditure (84 billion ISK), which increased by 29% in the first 9 months from the same period in 2009. Acquisition of nonfinancial assets was 29 billion ISK and decreased by 31% between 2009 and 2010. Other expenditure categories than interest and investment were unchanged or decreased slightly.

The central government net financial assets, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 568 billion ISK or 36.8% of GDP at the end of 3rd quarter in 2010 compared with a positive net financial assets of 441 billion ISK or 29.4% of GDP in the same period in 2009. The central government total liabilities amounted to 1,676 billion ISK at the end of the 3rd quarter in 2010 or 108.8% of estimated GDP. This can be compared with 1,419 billion ISK or 94.5% of GDP at the end of 3rd quarter in 2009.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2007–2010

Table 4. Quarterly Government Finances 2007–2010

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – thereof <i>investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður, hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)		
Hið opinbera <i>The General Government</i>						
2007	623,8	553,1	54,7	70,6	11,3	5,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	153,6	131,1	11,1	22,5	14,6	1,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	153,3	141,5	15,3	11,8	7,7	0,9
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	156,1	139,2	16,0	16,9	10,8	1,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	160,9	141,3	12,4	19,6	12,2	1,5
2008	653,6	853,7	66,0	-200,2	-30,6	-13,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	167,8	148,5	13,6	19,2	11,4	1,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	162,9	163,4	20,1	-0,6	-0,4	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	160,9	173,4	19,4	-12,6	-7,8	-0,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,0	368,3	12,9	-206,3	-127,3	-14,0
2009	614,3	763,3	52,6	-149,0	-24,3	-9,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	149,1	175,5	9,3	-26,9	-18,1	-1,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	147,2	188,9	14,2	-41,7	-28,3	-2,8
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	155,2	193,0	18,4	-37,8	-24,3	-2,5
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,8	205,9	10,8	-43,2	-26,5	-2,8
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	158,8	181,4	7,1	-22,2	-14,0	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	160,6	188,8	9,4	-27,7	-17,2	-1,8
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	164,7	191,2	12,4	-26,1	-15,8	-1,7
Ríkissjóður <i>The Central Government</i>						
2007	454,6	403,2	22,4	51,4	11,3	3,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	111,5	95,1	3,9	16,4	14,7	1,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	109,7	101,0	6,2	8,7	7,9	0,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	114,6	101,6	6,9	13,0	11,3	1,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	118,7	105,4	5,3	13,2	11,2	1,0
2008	476,9	668,6	30,8	-191,7	-40,2	-13,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	122,7	104,3	4,4	18,4	15,0	1,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	117,8	114,7	10,0	3,1	2,6	0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	118,5	127,2	9,9	-8,7	-7,3	-0,6
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	117,9	322,4	6,6	-204,5	-173,4	-13,8
2009	447,4	571,1	31,4	-123,6	-27,6	-8,2
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	107,0	128,4	3,8	-21,4	-20,0	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	105,2	137,9	8,0	-32,7	-31,1	-2,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	113,7	146,1	12,6	-32,3	-28,4	-2,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	121,5	158,7	7,0	-37,2	-30,6	-2,5
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	117,1	136,0	3,9	-18,8	-16,1	-1,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	119,2	141,3	5,8	-22,0	-18,5	-1,4
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	123,3	142,4	8,0	-19,0	-15,4	-1,2

¹ 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption of 192 billion ISK is included.*

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2007–2010 (frh.)
Table 4. Quarterly Government Finances 2007–2010 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – <i>thereof investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður, hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)		
Sveitarfélög The Local Governments						
2007	185,3	177,3	32,3	8,0	4,3	0,6
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	45,9	42,7	7,1	3,2	7,0	0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,2	45,7	9,0	1,6	3,3	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	45,6	44,2	9,0	1,4	3,0	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	46,6	44,7	7,1	1,8	3,9	0,1
2008	193,4	206,3	35,1	-12,9	-6,7	-0,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	49,1	50,3	9,1	-1,2	-2,5	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	49,0	53,7	10,2	-4,7	-9,5	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	46,7	51,0	9,5	-4,2	-9,0	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	48,5	51,3	6,3	-2,8	-5,7	-0,2
2009	189,3	204,2	21,2	-15,0	-7,9	-1,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,0	50,4	5,5	-3,4	-7,1	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,3	53,0	6,1	-5,7	-12,0	-0,4
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	47,5	50,3	5,7	-2,8	-5,8	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	47,4	50,6	3,8	-3,2	-6,7	-0,2
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,7	49,1	3,2	-1,4	-2,9	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	48,0	52,5	3,6	-4,6	-9,5	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	48,2	51,5	4,4	-3,3	-6,8	-0,2
Almannatryggingar The Social Security Funds						
2007	103,3	92,0	0,1	11,3	11,0	0,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	24,7	21,9	0,0	2,8	11,2	0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	24,7	23,1	0,0	1,5	6,3	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	25,8	23,3	0,0	2,5	9,8	0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	28,1	23,7	0,0	4,5	15,9	0,3
2008	113,2	108,8	0,0	4,4	3,9	0,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	23,9	21,9	0,0	2,0	8,4	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	26,4	25,4	0,0	1,0	3,7	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	30,8	30,5	0,0	0,4	1,2	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	32,0	31,0	0,0	1,0	3,1	0,1
2009	133,6	144,1	0,1	-10,4	-7,8	-0,7
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	31,4	33,7	0,0	-2,2	-7,0	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	33,8	37,4	0,0	-3,6	-10,5	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	32,1	34,4	0,0	-2,3	-7,2	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	36,3	38,6	0,0	-2,3	-6,5	-0,2
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	31,7	34,0	0,0	-2,4	-7,5	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	30,9	32,4	0,0	-1,6	-5,0	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	30,0	34,1	0,0	-4,1	-13,8	-0,3

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2009–2010Table 5. *Quarterly General Government Revenue and Expenditure 2009–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2009					2010		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	614,3	149,1	147,2	155,2	162,8	158,8	160,6	164,7
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	459,9	114,4	110,2	116,4	118,8	121,5	121,4	124,5
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	239,9	62,6	59,0	56,7	61,6	61,5	62,2	58,7
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6	0,7	0,7	0,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	31,2	7,9	7,7	7,6	8,0	8,9	8,7	8,7
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	174,9	40,6	40,1	48,0	46,2	47,3	46,5	52,6
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,3	1,3	1,1	1,5	1,4	1,6	1,5	1,8
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	6,2	1,5	1,7	2,0	1,0	1,5	1,8	2,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	45,9	10,2	9,9	12,2	13,6	14,9	16,4	17,5
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,2	0,1	0,5	0,6	0,9	-0,3	-0,1	0,7
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	106,3	24,3	26,5	26,0	29,4	22,7	22,8	22,1
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	763,3	175,5	188,9	193,0	205,9	181,4	188,8	191,2
21 Laun <i>Wages</i>	224,0	55,1	57,9	55,3	55,6	54,0	58,2	56,6
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	187,5	44,5	47,1	45,0	50,9	44,8	47,1	43,8
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	32,0	8,0	7,9	8,0	8,2	8,3	8,3	8,4
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	98,6	19,0	19,5	26,6	33,5	27,0	26,2	30,8
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	28,0	7,1	7,2	6,6	7,0	7,4	7,3	6,3
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	5,3	0,9	1,4	1,1	1,9	1,0	1,5	1,3
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	122,0	29,3	31,3	29,4	31,9	29,1	27,7	30,1
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	45,4	10,3	10,2	10,7	14,2	11,0	11,4	10,0
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	52,6	9,3	14,2	18,4	10,8	7,1	9,4	12,4
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-32,0	-8,0	-7,9	-8,0	-8,2	-8,3	-8,3	-8,4
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-149,0	-26,9	-41,7	-37,8	-43,2	-22,2	-27,7	-26,1
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-24,3	-18,1	-28,3	-24,3	-26,5	-14,0	-17,2	-15,8
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-9,9	-1,8	-2,8	-2,5	-2,8	-1,4	-1,8	-1,7
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	40,9	12,4	12,4	12,9	13,7	12,9	13,0	13,2
Heildargjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	50,9	14,2	15,2	15,4	16,5	14,3	14,8	14,9

Skýringar Notes: 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192 billion ISK is included.*

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2009–2010
Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2009–2010

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2009					2010		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	447,4	107,0	105,2	113,7	121,5	117,1	119,2	123,3
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	321,4	79,8	75,5	81,3	84,7	87,1	87,0	89,6
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	132,3	35,7	32,3	29,4	34,9	34,7	35,4	31,5
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6	0,7	0,7	0,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	3,7	1,0	0,8	0,8	1,1	1,9	1,8	1,7
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	171,4	39,8	39,0	47,0	45,6	46,7	45,8	51,8
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,3	1,3	1,1	1,5	1,4	1,6	1,5	1,8
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	6,2	1,5	1,7	2,0	1,0	1,5	1,8	2,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	45,9	10,2	9,9	12,2	13,6	14,9	16,4	17,5
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	8,0	1,4	1,9	2,1	2,5	1,7	2,2	2,5
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	72,2	15,6	17,8	18,1	20,7	13,4	13,6	13,8
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	571,1	128,4	137,9	146,1	158,7	136,0	141,3	142,4
21 Laun <i>Wages</i>	119,2	29,6	30,7	29,6	29,3	28,8	30,3	29,8
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	95,8	23,2	23,7	23,3	25,5	23,0	25,0	22,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	23,3	5,9	5,7	5,8	5,9	6,0	6,1	6,1
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	91,8	17,3	17,8	24,9	31,8	24,6	23,7	28,3
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	24,5	6,3	6,3	5,8	6,1	6,5	6,4	5,4
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	155,0	36,4	39,3	37,2	42,1	37,3	37,4	36,5
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	21,0	4,8	5,0	5,3	5,8	4,5	4,7	5,0
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	32,4	7,1	7,0	7,4	10,9	7,4	7,8	6,4
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	31,4	3,8	8,0	12,6	7,0	3,9	5,8	8,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-23,3	-5,9	-5,7	-5,8	-5,9	-6,0	-6,1	-6,1
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-123,6	-21,4	-32,7	-32,3	-37,2	-18,8	-22,0	-19,0
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-27,6	-20,0	-31,1	-28,4	-30,6	-16,1	-18,5	-15,4
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-8,2	-1,4	-2,2	-2,2	-2,5	-1,2	-1,4	-1,2
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	29,8	7,1	7,0	7,6	8,1	7,6	7,7	8,0
Heildargjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	38,1	8,6	9,2	9,7	10,6	8,8	9,2	9,2

Skýringar *Notes:* 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192 billion ISK is included.*

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2009–2010
Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2009–2010

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2009					2010		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	189,3	47,0	47,3	47,5	47,4	47,7	48,0	48,2
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	138,6	34,6	34,7	35,1	34,1	34,4	34,4	34,9
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	107,6	26,9	26,8	27,2	26,7	26,8	26,7	27,2
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	27,5	6,9	6,9	6,9	6,9	6,9	6,9	6,9
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	3,5	0,9	1,0	1,0	0,5	0,6	0,8	0,8
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	18,7	4,2	4,4	5,0	5,1	4,7	4,9	5,6
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	32,0	8,2	8,2	7,4	8,2	8,6	8,6	7,7
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	204,2	50,4	53,0	50,3	50,6	49,1	52,5	51,5
21 Laun <i>Wages</i>	89,4	21,7	23,2	21,9	22,5	21,6	24,0	22,8
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	60,9	14,9	15,4	14,5	16,0	14,9	15,6	14,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	8,6	2,1	2,1	2,2	2,2	2,2	2,2	2,3
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	6,7	1,7	1,7	1,7	1,7	2,4	2,4	2,4
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	3,2	0,8	0,8	0,8	0,8	0,9	0,9	0,9
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,0	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	9,2	2,3	2,3	2,3	2,3	2,4	2,4	2,4
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	12,6	3,2	3,2	3,2	3,2	3,4	3,4	3,4
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	21,2	5,5	6,1	5,7	3,8	3,2	3,6	4,4
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-8,6	-2,1	-2,1	-2,2	-2,2	-2,2	-2,2	-2,3
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-15,0	-3,4	-5,7	-2,8	-3,2	-1,4	-4,6	-3,3
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-7,9	-7,1	-12,0	-5,8	-6,7	-2,9	-9,5	-6,8
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-1,0	-0,2	-0,4	-0,2	-0,2	-0,1	-0,3	-0,2
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	12,6	3,1	3,2	3,2	3,2	3,1	3,1	3,1
Heildargjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	13,6	3,4	3,5	3,4	3,4	3,2	3,4	3,3

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2009–2010Table 8. *Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2009–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2009					2010		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	133,6	31,4	33,8	32,1	36,3	31,7	30,9	30,0
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	131,5	30,9	33,3	31,6	35,7	31,0	30,3	29,5
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	2,1	0,5	0,5	0,5	0,5	0,6	0,6	0,5
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	144,1	33,7	37,4	34,4	38,6	34,0	32,4	34,1
21 Laun <i>Wages</i>	15,4	3,8	4,0	3,8	3,8	3,7	3,9	3,9
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	30,8	6,3	8,0	7,2	9,4	6,9	6,5	6,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	5,4	1,2	1,3	1,4	1,5	1,2	1,2	1,3
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	91,8	22,2	24,0	21,8	23,8	22,1	20,5	22,7
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-10,4	-2,2	-3,6	-2,3	-2,3	-2,4	-1,6	-4,1
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-7,8	-7,0	-10,5	-7,2	-6,5	-7,5	-5,0	-13,8
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-0,7	-0,1	-0,2	-0,2	-0,2	-0,2	-0,1	-0,3
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	8,9	2,1	2,3	2,1	2,4	2,1	2,0	1,9
Heildargjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	9,6	2,2	2,5	2,3	2,6	2,2	2,1	2,2

Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2009–2010Table 9. *Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2009–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2009				2010		
	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>						
	I	II	III	IV	I	II	III
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	1.000,2	990,5	977,3	1.055,0	1.018,8	1.089,5	1.108,4
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	222,1	190,8	166,6	226,3	185,8	254,6	271,2
Lánveitingar <i>Loans</i>	461,9	484,3	478,0	361,3	355,6	286,8	281,5
Hlutafé <i>Shares and other equity</i>	195,2	198,3	198,4	334,4	334,6	339,8	340,0
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	121,1	117,0	134,3	133,0	142,7	208,3	215,7
Skuldir <i>Liabilities</i>	1.244,2	1.402,6	1.418,7	1.566,4	1.535,5	1.635,7	1.676,2
Verðbréf <i>Securities</i>	279,5	300,6	318,8	546,3	522,8	583,6	630,9
Lántökur <i>Loans</i>	684,3	711,1	710,5	634,2	618,7	661,6	657,4
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	371,7	368,7	391,2	277,8	275,0	271,7	279,4
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	312,6	342,4	319,4	356,4	343,6	389,9	378,1
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	230,2	342,9	342,9	342,9	342,5	339,8	339,8
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	50,2	47,9	46,5	43,0	51,6	50,7	48,1
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-244,0	-412,0	-441,4	-511,4	-516,8	-546,1	-567,8
Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>							
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	66,6	66,0	65,1	70,3	66,1	70,7	71,9
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	14,8	12,7	11,1	15,1	12,1	16,5	17,6
Lánveitingar <i>Loans</i>	30,8	32,3	31,8	24,1	23,1	18,6	18,3
Hlutafé <i>Shares and other equity</i>	13,0	13,2	13,2	22,3	21,7	22,0	22,1
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	8,1	7,8	8,9	8,9	9,3	13,5	14,0
Skuldir <i>Liabilities</i>	82,9	93,5	94,5	104,4	99,6	106,1	108,8
Verðbréf <i>Securities</i>	18,6	20,0	21,2	36,4	33,9	37,9	40,9
Lántökur <i>Loans</i>	45,6	47,4	47,3	42,3	40,1	42,9	42,7
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	24,8	24,6	26,1	18,5	17,8	17,6	18,1
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	20,8	22,8	21,3	23,7	22,3	25,3	24,5
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	15,3	22,8	22,8	22,8	22,2	22,0	22,0
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	3,3	3,2	3,1	2,9	3,3	3,3	3,1
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-16,3	-27,5	-29,4	-34,1	-33,5	-35,4	-36,8

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

95. árg. • 73. tbl. 2010:16

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *pdf*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series